

# Minnisblað

Höfundur: Bæjarstjóri  
Viðtakandi: Bæjarráð



Vesturbyggð 9. júlí 2024  
Málsnúmer: 2407014 GBS

Minnisblað er varðar málið:

Lagt er til við bæjarstjórn Vesturbyggðar að afgreiðsla ráðshússins, Aðalstræti 75 á Patreksfirði verði lokuð í tvær vikur í sumar. Um er að ræða eina viku fyrir verslunarmannahelgi og eina viku eftir verslunarmannahelgi. Munu starfsmenn ráðhússins margir hverjir taka sumarfrí sitt á þessum tíma, eftir því sem kostur er og verkefni leyfa. Skerðing á þjónustu við íbúa er því óveruleg enda verður unnt að ná í starfsmenn sveitarfélagsins í síma eða með tölvupósti á þessu tímabili sé það nauðsynlegt.

Undanfarin sumur hefur þetta fyrirkomulag verið viðhaft. Tilkynnt var um lokunina á heimasíðu Vesturbyggðar og íbúum leiðbeint þar hvernig unnt væri að hafa samband við sveitarfélagið á meðan lokun afgreiðslu ráðhússins stæði. Hafa þessar lokanir ráðhússins gengið vel, enda margar aðrar stofnanir lokaðar á þessum tíma. Bæjarstjóra, sviðsstjórum eða öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins er ekki kunnugt um að lokun hafi valdið íbúum óþægindum eða þeir hafi ekki fengið leyst úr þeim málum sem upp komu, né bárust sveitarfélaginu kvartanir vegna þess.

**Lagt er því til við bæjarstjórn Vesturbyggðar að afgreiðsla ráðshússins í Vesturbyggð verði lokuð frá og með 29. júlí 2024 til og með 9. ágúst 2024 og tilkynnt verði um það á heimasíðu sveitarfélagsins og íbúum og öðrum leiðbeint hvernig hafa skuli samband við sveitarfélagið á meðan lokun stendur.**

Gerður Björk Sveinsdóttir